

## **Reglur Hveragerðisbæjar um greiðslur vegna leikskóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags**

### **1. gr.**

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í Hveragerði þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef forráðamaður barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag sendir hann umsókn þess efnis til viðtökusveitarfélagsins. Leikskóladvöl utan Hveragerðis er einungis veitt ef skortur er á dagforeldrum, ekki eru laus pláss á leikskólum bæjarins og/eða þegar ekki er hægt að koma á mótis við sérþarfir barnsins í lögheimilissveitarfélagi. Heimilt er að taka tillit til námsdvalar forráðamanns utan lögheimilissveitarfélags og sérstakra aðstæðna við búferlaflutning. Hjóti umsóknin jákvæða afgreiðslu ber viðtökusveitarfélagi að óska eftir samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir kostnaðarþátttöku vegna leikskóladvalar.

Synji viðtökusveitarfélag umsókn skal umsækjanda svarað sem fyrst með rökstuðningi og ástæður synjunar tiltekna.

### **2. gr.**

Samið skal fyrirfram um tímabundna leikskóladvöl og skal greiðsla vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Miða skal við 6 mánaða dvöl með möguleika á framlengingu í allt að 6 mánuði. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem barn er í leikskóla.

### **3. gr.**

Í gjaldi skv. 2. gr. er falinn allur almennur leikskólakostnaður, þ.m.t. vegna húsnæðis. Ef um er að ræða viðbótarkostnað vegna sérþarfa barns, svo sem vegna breytinga á húsnæði eða annarrar sértækrar þjónustu, skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um leikskóladvöl barns milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags, svo og um annan kostnað sem er sannanlega umfram greiðslur skv. 2. gr.

### **4. gr.**

Komi upp ágreiningur milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags er honum vísað til umfjöllunar þriggja manna nefndar sem skipuð er af Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Báðir deiluaðilar þurfa að vera sammála um að vísal málum til nefndarinnar.

**5. gr.**

Reglur þessar eiga eingöngu við þegar einstök börn eru vistuð í leikskóla í öðru sveitarfélagi en Hveragerði.

**6. gr.**

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar og taka gildi 14. september 2006.

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
bæjarstjóri

